

## AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Þórsteinssjóð,  
sem staðfest var 8. desember 2006, nr. 1147.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

3. gr. orðist svo:

Stofnframlag sjóðsins er 30.000.000 kr. – þrjátíu milljónir króna.

Óskerðanlegt stofnfé sjóðsins, verðbætt, er 25.000.000 kr. – tuttuguogfimm milljónir króna.

Tekjur sjóðsins eru eftirfarandi:

Vextir og arður af eignum sjóðsins.

Fé og annað verðmæti sem safnast í nafni sjóðsins.

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands annast ávöxtun sjóðsins og skal hún vera sem hagkvæmust á hverjum tíma og taka mið af fjárfestingarstefnu Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

Heimilt er að úthluta til styrkja allt að tveimur þriðju af ávöxtun hvers reikningstímabils, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Þriðjugur ávöxtunarinnar leggst við verðbætt stofnframlag og verður hluti af óskerðanlegu stofnfé.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðanda Styrktarsjóða Háskóla Íslands og þeir birtir með sama hætti og aðrir reikningar Háskóla Íslands.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Þórsteinssjóð, staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 8. desember 2010.*

**Ríkarður Mátsson.**

*Birkir M. Magnússon.*